

**Nd.**

**47. Frumvarp til laga**

**[40. mál]**

um heimild til lántöku vegna áburðarverksmiðjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 16 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri og endurlána Áburðarverksmiðjunni h.f. með sömu kjörum og lánið er tekið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur nú að undanfögnu átt í samningum við Alþjóðabankann í Washington um lán til þess að greiða kostnað í Evrópugjaldeyri við byggingu áburðarverksmiðjunnar. Er þessum samningum nú að verða lokið, og má gera ráð fyrir, að lánsupphæðin jafngildi 15—16 millj. íslenskra króna.